



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. **6** starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjud. 27. marz 2012. Hófst kl. 12:00 með hádegisverði á Fjarðarhótel, Reyðarfirði. Fundarstaður: Fróðleiksmolinn.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Eydís Ásbjörnsdóttir (varam. Jóns Björns Hákonarsonar, sem boðaði forföll), Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Auk þess sátu fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, verkefnastjóri SSA, sem ritaði fundargerð og Þorkell J. Pálsson, nýráðinn framkvæmdastjóri AST. Hann sat fundinn frá kl. 13:00 til kl. 14:10.

Varaform., Stefán Bogi, stýrði fundi undir lið 3 í fjarveru Valdimars form. SSA. Sá síðarnefndi mætti til fundar kl. 13:35 og tók þá við fundarstjórn.

Í upphafi fundar kynnti varaform. SSA nýráðinn framkvæmdastjóra AST. Hann mun hefja störf á hinum nýja vettvangi 1. apríl og jafnframt taka að sér þann hluta starfa verkefnastjóra SSA, sem ekki verða falin öðrum, þegar hið nýja fyrirkomulag verður fullmótað. Bauð Stefán Bogi Þorkel J. Pálsson velkominn til starfa og tóku aðrir viðstaddir í sama streng. Þótt það væri ekki formlega á dagskrá fundarins, en í ljósi aðstæðna samþykkti stjórn SSA einróma tillögu varaform. SSA að ráðning Þorkels færi í gegnum SSA, þar sem ekki hefur formlega verið gengið frá stofnun AST.

Samþykkt var að taka fyrst á dagskrá lið nr. 3; Almenningsgangur, en hann er færður í fundargerðinni í samræmi við röð dagskrárliða skv. fundarboði.

1. Fundargerðir SSA og ýmis verkefni, er tengjast starfi SSA:

a) Stjórnarfundur SSA 3. feb. 2012.

Fundargerðin staðfest.

b) Framkvæmdaráð SSA 12. marz 2012, ásamt undirgögnum.

Verkefni, sem framkvæmdaráð vísaði til stjórnar eru:

I) 5 a); Bréf Samb. ísl. sveitarfélaga, ásamt bréfi frá Leið ehf.

Varðar hugmyndir forsvarsmanna Leiðar ehf. um samnýtingu ökutækja, ekki sízt milli fámennra staða utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórn Samb. ísl. sveitarfélaga telur hugmyndirnar mjög áhugaverðar.

Lagt fram til kynningar, en því verði jafnframt haldið opnu að taka þátt í þróun verkefnisins á grundvelli framkvæmdar almenningsgangna á starfssv. SSA.

II) 5 c); Erindi frá Fjarðabyggð varðandi Atvinnuþróunarsjóð Austurlands.

Í bréfi FJB, sem dags. er 15. feb. 2012, er minnt á að talsmenn sveitarfélagsins hafi með bréfi dags. 16. nóv. 2011 farið fram á umræðu sveitarstjórna á vettvangi SSA um framtíð Atvinnuþróunarsjóðsins.

Stjórn SSA hefur í tvígang fjallað um málið, annars vegar 22. nóv. 2011 (sjá lið 4 f) og hins vegar 3. feb. 2012 (sjá lið 7).

Umræður urðu um málið. Til máls tóku flestir viðstaddir. Að loknum umræðum var ákveðið að talsmenn SSA í AST (ASv. / SBS / VOH) beiti sér fyrir umfjöllun um málið á vettvangi AST. Næsti fundur í AST verður miðvikud. 28. marz, en óvíst er, hvort á honum nái menn að fjalla um framtíð sjóðsins, sem áformað er að vista innan vébanda AST. Fulltrúar SSA í AST munu sjá til þess að umrædd umfjöllun eigi sér stað fyrir miðjan apríl. Í beinu framhaldi af því verði boðað til samráðsfundar forsvarsmanna allra hlutaðeigandi sveitarfélaga hið fyrsta til að ræða málefni sjóðsins.

III) 5 d); Erindi sveitarstjóra Djúpavogshrepps v/ háhraðatenginga.

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps gerði grein fyrir málinu. Fram kom að Síminn hf. mismunar sveitarfélögum eftir íbúafjölda og t.d. þurfti Djúpavogshreppur að inna af hendi eingreiðslu, 900 þús. til að veita íbúum sveitarfélagsins aðgang að stækkun háhraðatengingar úr 8 mb. í 16 mb. Þetta gildir ekki um byggðarlög fyrir ofan ákveðinn fjölda íbúa. Lagði GJ síðan fram svohljóðandi drög að bókun, sem samþykkt var samhljóða:

„Stjórn SSA gerir alvarlegar athugasemdir við þá mismunun sem gerð er milli minni og stærri sveitarfélaga hvað varðar kostnað vegna háhraðatenginga. Á sama tíma og meiri áhersla er lögð á fjarvinnsluverkefni, fjarnám og viðskipti á netinu skýtur það skökku við að minni sveitarfélög skuli þurfa að bera umtalsverðan kostnað af því sem í stærri sveitarfélögum heitir „uppfærsla“ og er þeim að kostnaðarlausu. Sveitarfélögum er nauðugur sá kostur að taka þessum afarkostum enda vandséð hvernig þau geta ætlað íbúum og fyrirtækjum að sitja ekki við sama borð og aðrir landsmenn þegar kemur að nettenginum.

Stjórn SSA beinir þeim tilmælum til Símans hf. að fyrirtækið endurskoði þessi kjör og tryggi þannig sem jafnastan aðgang landsmanna að nettengingum“.

BHG falið að koma ofangreindu á framfæri við stjórnvöld o.fl. í formi fréttatilkynningar.

IV) 6); Almenningssamgöngur (er sérstakur liður nr. 3 hér neðar).

V) 7); Aðalfundur SSA á Borgarfirði eystri, haustið 2012. Tímasetning.

Skv. hefð væri verið að líta til daganna 21.-22. eða 28.-29. sept. (fö. og lau.)

Fyrir liggur eftirtalið, sem hafa ber í huga við ákvörðun um fundardaga:

Hafnasambandsþing verður 20. og 21. sept. (Vestmannaeyjar).

Fjármálaráðstefna Samb. ísl. sveitarfélaga verður 27. og 28. sept. (Reykjavík).

Þingsetning verður á Alþingi 11. sept. (annar þriðjud. í sept.).

Ákv. var að halda aðalfund SSA haustið 2012 föstud. 14. og laugard. 15. sept.

7); Aðalfundur SSA á Borgarfirði eystri, haustið 2012.

Frumdrög að dagskrá.

ASv. varpaði upp hugm. um að eitt helzta umfjöllunarefni á aðalfundinum yrði: „**Aukið hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga. Framkvæmd verkefna og fjármögnun þeirra.**“

Engin ákvörðun tekin að svo komnu máli, en samþykkt að fela verkefnastjóra SSA / framkvæmdastjóra AST að vinna að frekari framgangi málsins til umfjöllunar á næsta stjórnarfundi.

- c) Samráðsfundur LHSS 22. marz 2012 (m.a. v/ S 20 20). Fundargerð liggur ekki fyrir, en VOH og BHG, sem sátu fundinn, gerðu grein fyrir helzta umfjöllunarefnum. Gögn frá fundinum verða send út eigi síðar en miðvikud. 28. marz.

2. AST verkefnið:

- a) Kynningarferli fyrir sveitarstjórnarmenn. Fulltrúar SSA í AST (ASv. SBS og VOH) gerðu grein fyrir málinu.

Fram kom að kynningar hafa farið fram á / í Fljótsdalshéraði, Fjarðabyggð, Seyðisfirði og Fljótsdalshreppi, en þó ekki eins víðtækar og að var stefni. Litið er svo á að formleg kynning hafi ekki farið fram á Djúpavogi, Breiðdalsvík, Borgarfirði og Vopnafirði, þótt verkefnisstjóri AST o.fl. hafi heimsótt fulltrúa ákv. sveitarfélaga.

Samþ. var að unnið verði að frekari kynningum hjá þeim sem kjósa í samráði við fulltrúa SSA í AST.

Fram kom, að a.m.k. Fljótsdalshérað hefur staðfest aðild að AST og þar með fjárhagslega aðkomu með greiðslu á kr. 50 þús. stofnframlagi.

- b) Frágangur samn. við ráðuneyti menntamála um fjármögnun ákv. þátta verkefnisins. BHG gerði grein fyrir málinu. Stjórn SSA staðfestir samninginn fyrir sitt leyti.

3. Almennings-samgöngur:

- a) Staða mála við útboð Hornafjörður / Egilsstaðir / Hornafjörður sumarið 2012.
- b) Alútboð v/ almennings-samgangna 2013 – 2018.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir (ÁKS), ráðgjafi SSA í alm.samg. sat fundinn undir lið 3. BHG hafði einnig boðið mannvirkjastjóra FJB, Jóhanni Eðvald Benediktssyni (JEB), inn á fundinn til að fara yfir, hvort og þá hvernig fyrirkomulag FJB vegna almennings-samgangna gæti fallið að heildinni, þ.e. „*útgerðarstöðum* alm.samg. á starfssvæði SSA utan FJB“, (Borgarfj. Seyðisfj. og Djúpiv.), ásamt leggjunum AEY / EGS og EGS / HFN.

Fyrir liggur að samið kann að verða við Strætó BS á grundvelli hugmynda, sem þeir kynntu á stjórnarfundum SSA 3 feb. 2012, en BHG telur að jafnvel þótt aðkoma Strætó BS verði fyrir valinu væri möguleg tenging milli FJB kerfisins og heildarkerfisins. Jóhann Eðvald sat því einnig fundinn skv. framansögðu.

Fram kom að nú þegar er komin í gang vinna á vegum VSÓ (Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar) vegna útboðs á „sumarleggnum“ Höfn / Egilsstaðir / Höfn, sbr. lið 6 a) í fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 13. marz 2012. Stjórn SSA staðfestir þá ákv.

Brýnt er að heildarútboð vegna árána 2013 – 2018 fari sem fyrst í gang þar sem útboðsferli tekur að lágmarki 32 vikur. BHG minnti á fund stjórnar SSA með talsm. Strætó BS 3. feb. s.l., en þar voru kynntir mgl. á aðkomu fyrirtækisins að útboði og eftir atvikum stýringu á verkefninu í kjölfar útboðs. Fyrir liggur að fyrirtækið tengist beint báðum „endum“ svæðis þess, sem falla undir verkefni SSA, þ.e. annars vegar Akureyri og hins vegar Hornafirði.

JEB kynnti fyrirkomulag á vegum FJB og gat um reynsluna af því. Svareði hann síðan fyrirspurnum. Að því búnu viku JEB og ÁKS af fundi.

Stjórn SSA ákvað að fela BHG að koma á símafundi hið fyrsta með ráðgjöfum SSA hjá VSÓ og fulltr. FJB. Einnig verði samráð við Alcoa vegna aðkomu þeirra að kerfinu, sem tengist FJB og eftir atvikum rætt frekar við Strætó BS.

4. Ráðstefna með aðkomu SSA að „Innanlandsflugi á Íslandi“.

BHG kynnti málið og fór yfir drög að dagskrá. Gerðar voru aths. við ákv. þætti í upplaggi hinnar áformuðu ráðstefnu og þá einkum mjög sýnilegan kynjahalla. BHG tók að sér að vinna úr fram komnum aths. í samráði við Hafliða hjá ÞFA.

5. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra:

- a) Fram kom að starfslok Björns Hafþórs Guðmundssonar sem verkefnastjóra SSA verða skv. samkomulagi hans og framkvæmdaráðs SSA í samráði við framkvæmdastjóra AST. Tímasetningar þar að lútandi eru mjög sveigjanlegar af hálfu BHG og eiga ekki að vera íþyngjandi fyrir SSA.

Í samræmi við ákvæði í tímabundnum ráðningarsamningi hans frá 1. jan. 2012 mun hann þó verða aðgengilegur eins lengi og form. SSA og frkvstj. AST telja þörf á.

- b) Gengið var frá prókúruumboði fyrir Þorkel J. Pálsson og það undirritað af stjórn SSA.
- c) Í ljósi nýfrankomins frv. um fiskveiðistjórnun var BHG falið að afla upplýsinga um kostnað við úttekt á áhrifum hins nýja frumvarps á byggðarfélög á Austurlandi. Einnig að kalla eftir viðbrögðum einstakra sveitarfélaga við frumvarpinu og áhrifum þess, þannig að taka mætti saman fyrir landshlutann í heild. Ákvörðun um verkefni af þessu tagi á vettvangi SSA yrði ekki tekin fyrr en áætlaður kostnaður lægi fyrir og þá með hvaða hætti það yrði fjármagnað.

- d) Næsti stjórnarfundur.

Ekki var tekin ákvörðun um tímasetningu næsta stjórnarfundur, en gert ráð fyrir að hann verði fyrir lok apríl. Ákvörðun um endanlega tíma- og staðsetningu vísað til framkvæmdaráðs SSA

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:35.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.